

## Ályktun samgöngu- og fjarskiptanefndar Rangárþings ytra vegna tillögu til þingsáætlunar um fimm ára samgönguáætlun 2019 – 2023

Samgöngu- og fjarskiptanefnd Rangárþings ytra hefur fjallað um tillögu til þingsáætlunar um fimm ára samgönguáætlun 2019 – 2023.

Samkvæmt áætlunni fara samtals um 45,6 milljarðar í almenn verkefni í næstu fimm árum. Þetta fjármagn fer allt í verkefni á stofnvegum innan grunnnetsins. Ekki er gert ráð fyrir að neitt af þessu fjármagni fari til framkvæmda í Rangárvallasýslu. Sérstaka athygli vekur að nánast engir vegir í sýslunni, utan Þjóðvegur 1, teljast til stofnvega innan grunnnetsins.

### Vegir í grunnneti:

Nefndin vekur athygli á því að fjölfarnir vegir í sveitarfélaginu eru ekki skilgreindir sem stofnvegir í grunnneti Vegagerðarinnar.

Samkvæmt nýlegri skýrslu Rögnvaldar Guðmundssonar frá Rannsóknnum og ráðgjöf ferðþjónustunnar um ferðamenn í Rangárþingi ytra 2008-2017, sem gerð var fyrir Rangárþing ytra, kemur m.a. fram að almennt er gestum að fjölga hlutfallslega meira í Rangárvallasýslu en á öllu landinu.

Áætlað er að fjöldi gesta í Rangárvallasýslu hafi rúmlega fjórfaldast á tímabilinu 2008 til 2017, úr 386 þúsund í 1.576 þúsund manns. Í skýrslunni kemur fram að 164 þúsund manns hafi farið í Landmannalaugar árið 2017, 115 þúsund komið nærri Heklu, 99 þúsund farið um Þykkvabæ og 54 þúsund haft viðkomu í Hrauneyjum.

Mikil umferð ferðamanna kallar á að gerð verði breyting á flokkun vegna og hvaða vegir tilheyri svokölluðu grunnneti. Þetta hefur greinilega verið gert í uppsveitum Árnassýslu. Vanséð eru rökin fyrir því af hverju Þjórsárdalsvegur er stofnvegur í grunnneti, en ekki Landvegur. Þá er rétt að nefna sérstaklega veg að Heklu af Dómadalsleið. Sá fjölfarni vegur er ekki í umsjá Vegagerðarinnar og telst til svokallaðra styrkvega.

### Nefndin leggur til eftirfarandi:

- Lagt er til að Landvegur, nr.26, frá Þjóðvegi 1 á Sprengisandsleið verði stofnvegur í grunnneti.
- Lagt er til að Þykkvabæjarvegur, nr. 25, verði stofnvegur í grunnneti.
- Lagt er til að Fjallabaksleið syðri, F210, verði stofnvegur um hálendi í grunnneti.
- Dómadalsleið (F225) verði stofnvegur um hálendi í grunnneti.
- Lagt er til að vegur að Heklu af Dómadalsleið verði skilgreindur sem opinber vegur og sem stofnvegur um hálendi í grunnneti.

### Tengivegir:

Langir og fjölfarnir tengivegir eru innan Rangárþings ytra sem ekki hafa verið lagðir bundnu slitlagi. Mjög litlu fjármagni hefur verið varið í lagningu bundins slitlags á vegi í sveitarfélaginu á undanförunum árum. Árið 2018 var ekki lagt slitlag á neina tengivegi í Rangárþingi.

Minnt er á að að ekkert af þeim 45,6 milljörðum sem verja á í nýframkvæmdir á stofnbrautum fer í framkvæmdir í Rangárþingi. Samkvæmt áætlunni á árlega að verja 800 – 900 milljónum í að leggja bundið slitlag á tengivegi landsins.

### Nefndin leggur til eftirfarandi:

- Það er mikilvægt að helstu tengivegir innan sveitarfélagsins verði lagðir bundnu slitlagi á næstu árum.
- Þess er krafist að gert verði sérstakt átak í að leggja bundið slitlag á fjölfarna tengivegi í sveitarfélaginu.
- Vegir sem sérstaklega verður horft til eru Hagabraut (286), Þingskálavegur (268), Árbæjarvegur (271), Bjallavegur (272) og Rangárvallavegur frá Gunnarsholti að Keldum (264).

## **Punktur vegna um tillögu til þingsáætlunar um fimm ára samgönguáætlun 2019 – 2023**

Samgöngu- og fjarskiptanefnd Rangárþings ytra fjallaði um tillögu til þingsáætlunar um fimm ára samgönguáætlun 2019 – 2023 á fundi nefndarinnar 15. október 2018.

### **Lykiltölur og grunnnet**

#### **Vegaáætlun 2019 – 2023, sundurliðun nýframkvæmda (tafla 7)**


- 8.090.000 millj. fara í Suðursvæði 1 á næstu fimm árum
- 11.510.000 millj. fara í Suðursvæði 2 (Reykjavík og Suðvbestursvæði) á næstu fimm árum
- 17.880.000 millj. fara í Vesturvæði á næstu fimm árum
- 3.800.000 millj. fara í Norðursvæði á næstu fimm árum
- 4.390.000 millj. fara í Austursvæði 1 á næstu fimm árum
  
- Samtals fer í almenn verkefni í næstu fimm árum 45.670.000.000 (45,6 milljarðar)
- Þetta fjármagn fer allt í verkefni á vegum innan grunnnetsins.
- Ekki er gert ráð fyrir neinu fjármagni hér til framkvæmda í Rangárvallasýslu.
- Enda eru nánast engir vegir í sýslunni innan grunnnetsins utan þjóðvegur 1.

#### **Vegir í grunnneti í Rangárþingi eru:**

- Hringvegur (1)
- Sprengisandsleið (26) frá gatnamótum Þjórsárdalsvegur og Landvegur að Fjallabaksleið nyrðri.
- Landeyjarhafnarvegur (254)
- Fljótshlíðarvegur (261) Hrinvegur -Öldubakki  
*og stofnvegir um hálendi:*
- Sprengisandsleið (F26)
- Fjallabaksleið nyrðri (F208)

#### **Vegaáætlun 2019 – 2023, sameiginlegir liðir (ekki deilt niður á svæði)**

- |                                   |  |
|-----------------------------------|--|
| • Tengivegir, bundið slitlag      | 800 millj. árið 2019 og 900 millj. á ári 2020-2023 |
| • Breikkun brúa                   | 405 – 480 millj. á ári                             |
| • Hjóla- og göngustígar           | 250 – 265 millj. á ári                             |
| • Samgöngurannsóknir              | 20 millj. á ári                                    |
| • Héraðsvegir                     | 110 millj. á ári                                   |
| • Landsvegir utan stofnvegakerfis | 120 millj. á ári                                   |
| • Styrkvegir                      | 50 millj. á ári                                    |
| • Reiðvegir                       | 75 millj. á ári                                    |
| • Smábrýr                         | 50 millj. á ári                                    |
| • Girðingar                       | 60 millj. á ári                                    |
| • Sameiginlegur jarðgangakost.    | 10 millj. á ári                                    |



## Flokkun þjóðvega

8.11.2018

- Stofnvegur
- Stofnvegur um hálandi
- Tengivegur
- Landsvegur
- Héraðsvegur

## Rangárþing ytra og eystra

Vegno.	Heiti	Kílómetrar	Möl
1	Suðurlandsvegur	70,28	
25	Þykkvabæjarvegur	15,83	
26	Landvegur	77,10	13,50
242	Raufarfellsvegur	4,41	
243	Leirnavegur	6,29	
245	Hverfisvegur	3,59	
246	Skálavegur	5,20	
247	Sandhólmavegur	10,55	
249	Þórsmerkurvegur	5,30	
250	Dímonarvegur	1,00	
252	Landeyjavegur	38,29	
253	Bakkavegur	20,59	
254	Landeyjahafnarvegur	11,90	
255	Akureyjarvegur	10,89	
261	Fljótshlíðarvegur	25,40	
264	Rangárvallavegur	27,83	11,45
267	Oddavegur	4,32	
268	Þingskálavegur	30,16	19,10
271	Árbæjarvegur	12,51	5,84
272	Bjallavegur	8,63	7,85
273	Bugavegur	2,20	
281	Sumarliðabæjarvegur	5,50	3,03
286	Hagabraut	19,52	19,52
<b>Samtals:</b>		<b>417,29</b>	<b>80,29</b>

<b>Rangárþing ytra</b>	<b>203,60</b>	<b>39,44%</b>
------------------------	---------------	---------------